



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

15. árgangur 3.tbl.

Mars 2018

Hjónaball Brautarholti

Híð árlega Hjónaball verður haldið í Brautarholti
laugardaginn 17. mars kl. 20:00.
Allir velkomnir, fjón, einhley þír karlar og einhley þar konur!

Ijarni Birgisson sér um matinn,
mfnín sér um jörð og
hjömsveitin Spútnik heldur í þpi
dansleik fram eftir nóttu.

Pantanir sendist á ne fangið:
Hjónaball.brautarholti@gmail.com
eða í síma 896-6255 (Gummi á Reykhóli)
eða í síma 898-6463 (Ijarni í Hraunbrún).

Einnig hægt að kaipa miða í sundlauginni í
Brautarholti mánudaginn 12. mars milli kl.18-22.

Verð aðeins 8.000 kr.

MATSÆÐILL:

Föréttur: Blandaðir :jávarréttir á rucola salat með hvítlauxssósu.
Aðalréttur: Hageldað lambalæri og grise purusteik með meðlæti.
Eftirréttur: Brownies súkkulaðibítakaka með kirsubeijasógu og ljóna.





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - skeidgnup@skeidgnup.is

Starfsmaður í Áhaldahúsi

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Umsjónarmaður gámasvæða Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5. apríl 2018.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Opnunartími gámasvæða.

Við Árnes opið:

priðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** einnig í Brautarholti og Árnesi.

Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn.

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)


Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhalði Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



Búrfell kallar - Búrfell kallar!



Aðstoð í mötuneyti

hjá ÍAV Marti sf, við Búrfellsvirkjun er í boði, í stuttan tíma, fram í lok maí eða byrjun júní.

Við leitum að röskum starfskrafti mætti vera hörkuduglegur! ☺

1. **Aðstoð í mötuneytið.** Unnið 10 daga frí 5 — gist á staðnum. Verkefni eru að sjá um morgunmat og uppvask ásamt þrifum í borðsal og eldhúsi í 5 daga. Hina 5 dagana aðstoða kokkinn og salatbarinn. Aðstoða við vörumóttöku og vera tilbúin/n í önnur tilfallandi störf í borðsal og eldhúsi alla 10 dagana. Unnið er á 12 tíma vöktum, morgunvaktin 5.30-17.30 hin vaktin 9-21.
2. **Aðstoð í mötuneyti og borðsal.** Vinnutími frá 16-20 eða 21 ákveðna daga í mánuðinum, Í þessari stöðu þarf viðkomandi ekki að gista á staðnum og þess vegna gæti þetta hentað einhverjum einstaklingi héðan úr héraði.

Upplýsingar gefur Ragnar K Kristjánsson
rkk@iav.is og í síma 354 693 4203



Aðalfundur Kvenfélags Skeiðahrepps 2018

verður haldinn í matsal Leikholts í Brautarholti 24. mars kl. 11:00.

Venjuleg aðalfundarstörf

- o fundargerð síðasta fundar
- o farið yfir reikninga félagsins
- o skýrsla stjórnar
- o inntaka nýrra félaga
- o kosningar og skipað í nefndir

Afmælisferð í ágúst

Önnur mál

Allar konur hjartanlega velkomnar

Veitingar í boði fráfarandi framkvæmdanefndar.

Stjórnin.



Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!

802

**Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.**



**Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770
Opið virka daga kl. 08:00 -16:00**

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Lyfjaendurnýjun hjá ritara kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Lyfja – útibú í Laugarási sími 486-8655

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.

**Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is**

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er

María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Landflutningar
SAMSKIP

**Frá Reykjavík kl. 9:00 alla virka
daga- með viðkomu á Selfossi**

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820



facebook

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com www.landflutningar.is

Baggamunur!

Bókhalds- og skattapjónusta
Smiðjustígur 6, Flúðum
866-9035

s@baggamunur.is
www.baggamunur.is

Aðalfundur Kvenfélags Gnúpverja

Aðalfundur Kvenfélags Gnúpverja verður haldinn á skólaloftinu 20. mars kl.18:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kl. 20 fáum við góða gesti á fundinn þá Bergþór Pálsson og Albert Eiríksson, en þeir verða með erindi um daglegt líf á léttum nótum, kurteisi, borðsiði, með söng og fleiru skemmtilegu.

Endilega fjölmennum og tókum með okkur gesti á fundinn.

Nýir félagar ávallt velkomnir.

Stjórnin.



UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2018 í Reiðhöllinni á Flúðum



24. mars
10:00

Barnaflokkur - fjórgangur og tölt
Unglingaflokkur - fimmgangur og tölt

7. apríl
10:00

Barnaflokkur - smali og fimi
Unglingaflokkur – smali, fimi og skeið



Styrktaraðilum Uppsveitardeildar æskunnar er þakkaður stuðningurinn

Uppsveitadeildin 2018

Flúðum, 23. mars.

Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta



í samstarfi við



Fimmgangur.

Föstudagskvöldið 23. mars heldur Uppsveitadeildin á Flúðum áfram og nú verður keppt í fimmgangi.

Fimm lið etja saman kappi um sigur í fimmgangskeppninni sem ávalt hefur verið jöfn og spennandi. Tvö lið eru jöfn, efst, eftir fjórganginn. Lið Hófadyns / Heklu hnakka og lið Vesturkots. Úrslit fjórgangs má sjá á vefsvæði Reiðhallarinnar, reidhollin.is.

Sigurvegurinn frá í fyrra, Hans Þór Hilmarsson, er í keppnisliði Vesturkots og er aldrei að vita nema hann endurtaki leikinn. Það er þó ljóst að keppnin um sigur er hörð.

Fimmgangurinn hefst föstudagskvöldið 23. mars kl 19:45 með kynningu á keppendum í Reiðhöllinni á Flúðum. Forkeppnin hefst stundvíslega kl. 20:00.



Þrír efstu knapar í fjórgangi 2018.

f.v. Hans Þór Hilmarsson, Sára Rut Heimistóttir, Þóririnn Ragnarsson, sigurvegari.

ATVINNUMÁLAÐING UPPSVEITANNA

21. MARS 2018

Félagsheimilinu Borg í Grímsnes- og Grafningsshr.

19:00 Súpa og brauð í boði sveitarfélaganna

19:30 Ferðapjónustan og aðbúnaður starfsfólks,

Sölvi í Efsta Dal, Bláskógabyggð

19:50 Fyrirtæki og afleidd þjónusta,

Björgvin í Laxárdal, Skeiða og Gnúpverjahreppi

20:10 Að skapa sér atvinnu heima fyrir,

*Sigrún Jóna á Stóra Hálsi, Grímsnes- og
Grafningshreppi*

20:30 Upphafið og staðan í dag,

Hörður í Gröfutækni, Hrunamannahreppi

20:50 Kaffihlé

21:10 Framleiðsla og sala,

Sindri í Sindrabakaríi, Hrunamannahreppi

21:25 Skipulagsferlið fyrir aðila í framkvæmdum,

einstaklingar og fyrirtæki, *Pétur Ingi skipulagsfulltrúi
hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita*

21:45 Ráðgjöf og styrkir, SASS

22:00 Umræður og fundarlok



**Hlökkum til að sjá ykkur
Atvinnumálanefndir
Uppsveitanna**



**56. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi
miðvikudaginn 21. febrúar 2018 kl. 14:00.**

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Meike Witt og Halla Sigríður Bjarnadóttir. Auk þess sat Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri fundinn og ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Viðauki við fjárhagsáætlun 2018. Sveitarstjóri lagði fram viðauka við fjárhagsáætlun 2018. Viðauki kemur til vegna uppgjors við Lífeyrissjóðinn Brú og fjárfestingar við milliloft í nýbyggðu áhaldahúsi.

Aðalsjóður

Málaflokkur 22

Fjárhæð þkr.

Lífeyrisskuldbindingar	1.936
Rekstrarniðurstaða samstæða- upphafleg áætlun	85.475
Breyting samkvæmt viðauka	1.936
Rekstrarniðurstaða samstæða eftir viðauka	83.539.

Breytingar á fjárfestingaáætlun.

Upphafleg áætlun þkr.

Eignasjóður :

Vegakerfi	102.600
Borun eftir heitu vatni	17.500
Fjallaskálar	1.000

Samtals

121.100

Breyting samkvæmt viðauka

Milliloft í áhaldahúsi	3.400
Samtals eftir breytingu	124.500

Lántaka

Vegna uppgjors við Lífeyrissjóðinn Brú 80.830
Nýtt lán vegna uppgjors við lífeyrissjóðinn Brú, 80,8 millj. kr.
Fyrirframgreiðsla v. Lífeyrisaukasjóðs og
Varúðarsjóðs Brúar 54,2 millj. kr. færð sem langtímakrafa.
Skammtímaskuld vegna Jafnvægisjóðs Brúar greidd upp 26,6 millj. kr.
Viðauki samþykktur samhljóða.

2. Uppgjörsmál við Lífeyrissjóðinn Brú. Lagt fram uppgjör sveitarfélagsins við Lífeyrissjóðinn Brú. Samþykkt samhljóða að taka lán að fjárhæð 80,8 mkr hjá Lánasjóði sveitarfélaga til 16 ára. Sveitarstjóra falið að afla skuldaskjala vegna lántökunnar. Vísað er til viðauka við fjárhagsáætlun 2018.

3. Forsætisráðuneytið, varðar Reykholt í Þjorsárdal. Lagt fram bréf frá Forsætisráðuneytinu undirritað af Sigurði Erni Guðleifssyni og Páli Þórhallssyni. Í bréfinu er vísað til erindis frá Skipulagsfulltrúa Uppsveita þar sem óskað var umsagnar ráðuneytisins um tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagstillögu í Reykholti í Þjorsárdal. Svæðið liggur innan þjóðlendu eins og kunnugt er. Í bréfinu bendir ráðuneytið á að rík skylda hvíli á sveitarfélaginu að greina frá áhrifum skiplagsætlunar um svæðið og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið. Ráðuneytið bendir einnig á að mögulega falli fyrirhuguð framkvæmd á svæðinu undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr 106 frá 2000. Bréf lagt fram og kynnt.
 4. DMP- Áfangastaðaaætlun- samþykktarferli. Lagt var fram minnisblað um áfangastaðaaætlun DPM á Suðurlandi. Undirritað af Laufeyju Guðmundsdóttur og Önnu Valgerði Sævarsdóttur verkefnisstjórum áætlunarinnar. DMP er heildstætt ferli þar sem litið er til samþættingar í þróun og stýringu allra þátta er snúa að upplifun ferðamanna á tilteknum áfangastöðum. Stefnt er það því að ljúka gerð áætlunarinnar í lok apríl 2018. Óskað er eftir umsögnum aðildarsveitarfélaga SASS um áætlunina. Málið lagt fram og kynnt og umsögn frestað.
 5. Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga. Lagt var fram bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga undirritað af Óttari Guðjónssyni. Þar sem óskað er eftir framboðum/ tilnefningar til stjórnar Lánasjóðsins. Lagt fram og kynnt. Ekki verður um framboð af hálfu Skeiða- og Gnúpverjahrepps að ræða til stjórnar Lánasjóðsins,
 6. Umsókn um lóð í Árneshverfi. Lögð fram umsókn Selmu Kaldalóns Sigvaldadóttur um lóðina Hamragerði 9 í þéttbýliskjarnanum við Árnes. Samþykkt samhljóða að úthluta Selmu lóðinni Hamragerði 9. Sveitarstjóra falið að útbúa lóðarleigusamning.
 7. Umsókn um Nónstein. Lögð fram umsókn frá Gjálpi, félagi um atvinnu- og samfélagsuppbyggingu við Þjorsá, undirritað af Önnu Björk Hjaltadóttur og Eddu Pálsdóttur. Félagið sækir um að fá að nýta húsnæðið Nónstein til atvinnustarfsemi. Sveitarstjóra og oddvita falið að fara yfir málið með umsækjendum og þá möguleika sem til eru í stöðunni.
 8. Fundargerð 45. Fundar stjórnar BS Skip- og bygg. Fundargerð lögð fram og staðfest.
 9. Fundargerð 150. fundar Skipulagsnefndar. Mál nr. 7,8,9 og 10 þarfnast afgreiðslu.
- Mál 7. Sléttaból lóð 1:** Umsókn um byggingarleyfi: Skemma – 1801078
Lögð fram umsókn Jóhannesar Eggertssonar dags. 30. janúar 2018 um leyfi til að byggja 164,3 fm stálgrindarskemma á lóðinni Sléttaból lóð 1 lnr. 203695,

Að mati skipulagsnefndar er umsóknin í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í húsa-þyrpingu í dreifbýli og er því ekki talin þörf á að vinna deiliskipulag fyrir svæðið. Er samþykkt að grenndarkynna umsóknina skv. 44. gr. skipulagslaga fyrir aðliggjandi hagsmunaaðilum auk þess að senda hana til umsagnar Minjastofnunar Íslands. Ef engar athugasemdir berast á kynningartíma er málinu vísað beint til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn samþykkir að grenndarkynna umsóknina skv. 44. gr. Skipulagslaga fyrir aðliggjandi hagsmunaaðilum auk þess samþykkir sveitarstjórn að senda umsóknina til umsagnar Minjastofnunar Íslands.

Mál 8. Bugðugerði 3: Árnes: Breytt úr parhúsalóð í raðhúsalóð: Deiliskipulagsbreyting – 1802020.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi innan þéttbýlisins í Árnesi og varðar lóðina Bugðugerði 3. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að á lóðinni verði byggt parhús en skv. breytingartillögu er gert ráð fyrir að henni verði breytt í þriggja íbúða raðhúsalóð.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytinguna og samþykkir að grenndarkynna hana fyrir íbúum í Bugðugerði skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þegar deiliskipulagsbreyting sem nýlega var samþykkt í sveitarstjórn og nær að hluta til þessa svæðis hefur tekið gildi.

Sveitarstjórn samþykkir breytingu lóðarinnar og samþykkir jafnframt að grenndarkynna hana fyrir íbúum í Bugðugerði skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál. 9. Búrfellsvirkjun 166701: Breyting á veglínu: Deiliskipulagsbreyting – 1802007.

Lögð fram umsókn Landsvirkjunar dags. 1. febrúar 2018 um breytingu á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar. Í breytingunni felst að að vegur í gegnum virkjanasvæðið og að Búrfellsskógi breytist.

Meðfylgjandi eru umsagnir Heklusköga, Landgræðslu ríkisins, Skógræktarinnar og Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða veglínu.

Þá liggur fyrir fornleifaskráning vegna deiliskipulagsins og skv. henni eru engar minjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna og í ljósi fyrirbyggjandi umsagnar er mælt með að sveitarstjórn samþykki hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ekki er talin þörf á að grenndarkynna breytinguna með vísun í fyrirbyggjandi umsagnir.

Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu ofangreindrar deiliskipulagsbreytingar.

Mál. 10. Stekkur lnr 166686: Skarð 1 lnr 174781: Breytt stærð, afmörkun og heiti lóðar - 1802006.

Lögð fram umsókn Benedikts Björgvinssonar og Ernu Gísladóttur dags. 21. janúar 2018 um breytingu á afmörkun og stærð frístundahúsalóðar úr landi Skarðs með landnúmer 166686. Er lóðin í dag skráð 5.000 fm en er samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði 14.008 fm. Einnig er óskað eftir að hún fái nafnið Stekkur. Fyrir liggur samþykki eigenda Skarðs 1 og 2 á hnitsetningu lóðarmarka.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingu á afmörkun og stærð lóðarinnar. Ekki er mælt með að nafnið Stekkur verði samþykkt þar sem til eru lóðir í sama pósthafi sem heita Stekkur.

10. Steinsholt rekstrarleyfi. Lagt fram skjal frá byggingafulltrúa er staðfestir samþykki hans á rekstrarleyfi í flokki 2 fyrir gistingu í Steinsholti. Mál fellt niður.
11. Bugðugerði breyting á lóð. Lögð fram samþykkt Skipulagsnefndar á breytingu deiliskipulags lóðar að Bugðugerði 3 í Árneshverfi. Sveitarstjórn staðfestir breytinguna. Vísast til afgreiðslu máls nr. 8 í 150. fundi Skipulagsnefndar.
12. Atv- nýsk ráðuneyti. Þriggja fasa rafmagn greining á þörf. Lagt var fram bréf frá starfshópi á vegum Atvinnu- og nýsköpunar-ráðuneytisins undirritað af Erlu S. Gestsdóttur. Starfshópur þessi hefur það hlutverk að greina möguleika og gera tillögur að uppfærslum raforkuflutningskerfis í dreifbýli á Íslandi með áherslu á þrífösun rafmagns. Óskað er eftir upplýsingum frá einstökum sveitarfélögum hvar þörf sé brýnust á tengingu við þriggja fasa rafmagns. Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um hvar sé þörf á tengingu við þrífasa rafmagn í sveitarfélaginu og koma þeim upplýsingum til áður nefnds starfshóps.
13. Skipulagsstofnun umsögn Reykholt í Þjórsárdal. Versl. og þjónustusvæði. Lagt var fram bréf frá Skipulagsstofnun, undirritað af Birnu Árnadóttur og Málfríði Kristiansen. Efni bréfsins varðar Reykholt í Þjórsárdal, verslunar- og þjónustusvæði. Í bréfinu er vísað til erindis frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverja dagsett 29.01.2017 varðandi athugun á tillögu að breytingu á aðal-skipulagi sveitarfélagsins. Í þeirri tillögu fólst breyting á 13 ha opnu svæði í verslunar – og þjónustusvæði við Reykholt í Þjórsárdal.

Skipulagsstofnun leggur fram allnokkrar ábendingar í bréfinu vegna málsins. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til umsækjenda um breytingu skipulags svæðisins.

Mál til kynningar:

- A. 529. Fundur stjórnar SASS.
- B. Afgreiðslur byggingafulltrúa.

C. Breytingar á gerð kjörskrár.

D. Foss, trúnaðarmenn.

E. Pisakönnun 2018.

F. Skýrsla frá eldri borgarafélagi.

G. Tvísteinabraut 2. Umsókn um byggingaleyfi.

H. Fundargerð fundar um aðalskipulag 10.01.18.

I. Flokkunarhandbók um sorp.

J. Vegaúttekt 2016- skýrsla.

K. Vinnumálastofnun.

L. Þingskjal 54. Umsögn um stefnu um bújarðir.

M. Þingskjal 35. Umsögn um br á lögum um skyldur starfsm.ríkis.

N. Þingskjal 198. Umsögn um br laga ættleiðingar.

O. Þingskjal 205. Umsögn um br laga um ættleiðingar.

P. Þingskjal 42. Umsögn um br laga um útlendinga.

Q. Þingskjal 35. Umsögn um br á rétti barna til dvalarleyfis.



Fundi slitið kl 15: 45. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn miðvikudag 7. mars næstkomandi. Kl. 14.00.

Opinn fundur í Árnesi til hvatningar þátttöku fólks í sveitarstjórnarmálum!

Laugardaginn 24. mars kl. 15 í Árnesi verður opinn fundur til að hvetja fólk til þátttöku í sveitarstjórnarmálum.

Dagskrá er ekki fullkláruð á þessu stigi en á mælendaskrá verða meðal annars Sigrún Björk Jakobsdóttir, fyrrum bæjarstjóri á Akureyri og Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps sem segja frá sinni reynslu og hvað hvatti þær til að taka þátt í sveitarstjórnarmálum.

Einnig mun Krístrún Frostadóttir, hagfræðingur, sem starfaði hjá Morgan Stanley í New York og London og er nú aðalhogfræðingur Kviku auk þess að vera formaður verðlagsnefndar búvörusamninga, vera með mjög áhugaverðan og skemmtilegan fyrirlestur um hvað einkennir samfélög sem fólk sækir í að búa í og hvað við getum lært af þeim. Eftir erindin verða pallborðsumræður.

Nánari dagskrá verður auglýst á samfélagsmiðlum (www.facebook.com/gjalp).

Hlökkum til að sjá ykkur, sérstaklega ungt fólk; Gjálp, félag um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá



Aðalfundur Búnaðarfélags Gnúpverja

verður haldinn í Árnesi
þriðjudaginn 27. mars kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundastörf.

Dagskrá fundar verður birt á
[facebook.com/Búnaðarfélag Gnúpverja](https://facebook.com/BunaðarfelagGnupverja)
Stjórnin.

Uppsprettan 2018

Laugardaginn 16. júní verður byggðarhátíðin **Uppspretta** haldin hér í sveit. Dagskráin verður fjölbreytt og skemmtileg að vanda og er undirbúningur í fullum gangi. Leikhópurinn Lotta verður á sínum stað, sem og Brokk og skokk ásamt leiktækjum og rétt er að vekja athygli á því að þennan dag verður fyrsti landsleikur Íslands í Hm í fótbolta og verður honum varpað á stóra tjaldið í Árnesi. Fleira verður til skemmtunar sem kynnt verður nánar síðar.

Undanfarin ár hefur dagskrárliðurinn „Bjástrað á bæjunum“ átt sinn „sess“ í hátíðinni. Þar hafa nokkrir góðir sveitungar og gestir komið með ýmsan varning úr fótum sínum til að selja eða sýna. Okkur langar að hvetja þá sem kunna að luma á „afurðum“ af einhverju tagi til að gefa sig fram við okkur. Við erum opin fyrir öllu: listmunum, safngripum, matvælum, föndri, hannyrðum eða hverju sem er. Hægt er að senda nefndinni tölvupóst á

menningskeidgnup@gmail.com.

Takið daginn frá, við hlökkum til að sjá ykkur öll!

Bestu kveðjur,
Menningar- og æskulýðsnefnd





Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.
Locally grown
Locally owned

Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir,
holdanautakjöt, eldis-
silungur, heimagerðar
sultur og flatkökur,
Arna laktósafríar
mjólkurvörur og margt
fleira.

Vegetables, herbs,
Angus beef, brown
trout, homemade jams
and flatbreads, Arna
lactose free dairy and
variety of other
products.

Melum, Fláðum

@litlamelabudin

Hrunamannahrepp

www.facebook.com/litlamelabudin/





Sími 899-2910
Mars 2018

www.pizzavagninn.is



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
1. mars Laugarvatn 18:00-20:30	2. mars Flúðir 18-21	3. mars Borg 18:00-20:30
8. mars	9. mars Brautarholt 18:00-20:30	10. mars Reykholt 18-21
15. mars Laugarvatn 18:00-20:30	16. mars Lokað í dag	17. mars Flúðir 18-21
22. mars	23. mars Árnes 18:00-20:30	24. mars Reykholt 18-21
29. mars Skírdagur	30. mars Flúðir 18-21	31. mars Borg 18:00-20:30



Sími 899-2910
Apríl 2018

www.pizzavagninn.is



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
5. apríl	6. apríl Brautarholt 18:00-20:30	7. apríl Reykholt 18-21
12. apríl Laugarvatn 18:00-20:30	13. apríl Flúðir 18-21	14. apríl Lokað í dag
19. apríl Sumardagurinn fyrsti	20. apríl Árnes 18:00-20:30	21. apríl Reykholt 18-21
26. apríl Laugarvatn 18:00-20:30	27. apríl Flúðir 18-21	28. apríl Borg 18:00-20:30

Unga kynslóðin og við

Ungmennin okkar eru það dýrmætasta sem við eigum. Á þeim byggist framtíðin, þau erfa landið. Fyrir en okkur grunar munum við sem nú erum á miðjum aldri verða komin í helgan stein og næstu kynslóðir orðnar í lykilhlutverkum. Æsku- og unglingsárin eru mótandi. Það skiptir miklu máli að ungmennin fái gott atlæti og hvatningu. Við sem erum foreldrar berum mikla ábyrgð að koma börnunum okkar sómasamlega út í lífið. Börnin búa að því lengi að samkomulag sé gott í foreldrahúsum og nærumhverfi og virðing sé til staðar. Annað samferðafólk ungmenna gegnir líka hlutverki sem ekki má vanmeta. Starfsfólk í skólum, íþróttahjálfarar, fyrstu yfirmenn á vinnustöðum, vinir og kunningjar, foreldrar annarra barna. Unglingssálin er viðkvæm og brýnt að brugðist sé sérstaklega við, ef gert er á hlut þeirra sem ungir eru.

Ég vil meina að sveitarfélagið standi sig vel í því hlutverki sem að því snýr er varðar þjónustu við börn og ungmenni. Leikskólinn og grunnskólinn okkar eru vel metnir eftir því sem ég best veit. Mannauður er þar nægur til að annast það hlutverk sem þeim ber. Börnin hafa auk þess greiðan aðgang að tónlistarnámi og íþróttaiðkun. Atvinnumöguleikar unga fólksins eru almennt góðir. Þegar börnin velja sér nám og störf er svo stóra teningnum kastað. Í kjölfarið ræðst oft hvar unga fólkið velur sér búsetu. Þá kemur til kasta sveitarfélaganna. Er sveitarfélag eins og Skeiða- og Gnúpverjahreppur ákjósanlegt til búsetu? Unga fólkið sem hefur verið að búa sig undir lífið, lokið menntun og náð sér í maka svo nokkuð sé nefnt, vill það koma heim í sína æskusveit? Ég get fullyrt að það eru talsvert margir sem vilja „koma heim“. Í það minnsta hafa talsvert margir, innfæddir og aðrir, haft samband við okkur á skrifstofu hreppsins og spurst fyrir um möguleika á lóðum og eignum til leigu eða kaups. Slíkar fyrirspurnir síðasta árið eru mun fleiri, en næstu fimm ár á undan til samans. Ef lítið er aftur í tímann um 10-12 mánuði þá má sjá allnokkur dæmi um að hús sem ekki hafa verið í fastri búsetu lengi hafa fyllst af barnafjölskyldum með tilheyrandi áhrifum í samfélaginu, ekki síst í leik- og grunnskóla. Ég fagna því mjög. Það væri vissulega vel þegið að fjölbreytni í atvinnulífinu hér myndi aukast, ég held að það séu góðar líkur á að það muni gerast ef áform sem þegar hafa verið kynnt um atvinnuuppbyggingu ganga eftir á næstu árum.

Þegar er nokkur hópur sem kys að búa innan sveitarmarkanna en sækir vinnu í önnur sveitarfélög. Það liggur að mörgu leiti ekki illa við. Ljósleiðarinn styttrir vissulega vegalengdirnar og auðveldar fólki að vinna að einhverju leiti eða öllu heima hjá sér þó að skráður vinnustaður sé fjarlægur. Störf munu breytast mikið í náginni framtíð og held ég að í slíkri þróun muni Skeiða- og Gnúpverjahreppur alls ekki verða lakari kostur en hver annar. Svo framarlega sem unga fólkið kys að búa hér og fær til þess tækifæri með samkeppnisfærum búsetukostum.

Góðar stundir. Kristófer Tómasson sveitarstjóri



PÁSKABINGÓ

Kvenfélag Gnúpverja heldur páskabingó í Árnesi.

Laugardaginn 31. mars klukkan 11:00.

Enginn posi er á staðnum.

Allir velkomnir



Höfum til leigu tún á Stöðulfelli, nánari upplýsingar gefa:



Oddur og Hrafnhildur
Stöðulfelli

Sími 486-6015 865-4449.



www.Híalín.is

Silkiprentuð munstur sem
hafa beina skírskotun í
íslenska náttúru.
Sérsaumaðir kjólar,
húfur, leggings og
bolir.

Kíktu í heimsókn og
verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689/ vilmarius13@gmail.com



Frétt frá 3.-4. bekk

Við í Þjórsárskóla vinnum með fjölbreytta kennsluhætti og eitt gott dæmi um það er peningaleikurinn sem 3.-4.bekkur vinna í einu sinni í viku í 60 mín.

Í peningaleiknum fá nemendur að velja sér verkefni úr flestum námsfögum. Þegar þau hafa lokið við verkefni fá þau pening (gervipening) í laun fyrir vel unnin störf. Dæmi um verkefni sem hægt er að vinna sér inn aur fyrir eru

lestur, skrift, sögugerð, teikning, föndur, hlaup (eða önnur

hreyfing) svo fátt eitt sé nefnt.

Þegar nemandi hefur safnað sér inn ákveðna upphæð getur hann svo keypt inn fyrir penigninn. Dæmi um stöð þar sem hægt er að eyða peningum er snyrtistöð þar sem hægt er að fá nudd eða naglalakk, svo er spjaldtölvuleiga og andlitsmáling. Einn nemandi sér um stöð í hvert skipti og fær hann laun ásamt því að þurfa að borga í skatt.

Nemendur læra margt í þessum leik þau læra til dæmis á gjaldmiðilinn okkar, að

reikna hvað þau eiga að fá til baka, að safna sér fyrir einhverju, hugtökin um framboð og eftirspurn. Peningaleikurinn er vinsæll hjá nemendum í 3.-4.bekk og ekki síður hjá mér, kennaranum, enda eru nemendur oftast uppá sitt besta í þessum tímum. - **Elvar Már Svansson umsjónarkennari 3.-4.bekk í Þjórsárskóla**

Öskudagur

Þar sem það var óveður á öskudaginn héldum við öskudagsskemmtun föstudaginn 16. febrúar í staðinn. Jón Bjarnason kom og stjórnaði ballinu í Árnesi og kötturinn var sleginn úr tunnum sem nemendur skólans bjuggu til. Þá sá foreldrafélag skólans um glaðning til barnanna. Skrautlegur og skemmtilegur dagur. Hér eru bekkjarmyndir úr skólanum.



Óskudagur



Sævar Helgi Bragason sem er m.a. bókahöfundur og ritstjóri stjörnufræðivefsins, kom í skólann þriðjudaginn 20. febrúar með skemmtilega fræðslu um Himingeyminn. Nemendur voru virkir þátttakendur og spurðu margra spurninga. Kynnti hann t.d. fyrir þeim forritið Stellarium. Heimsókn hafs hefur ýtt undir enn frekari áhuga á stjörnufræði.



Upplestrarkeppin – Valdir voru nemendur úr 7. bekk til þess að fara og taka þátt í stóru upplestrarkeppninni sem haldin var 6. mars í Kerhólsskóla. Óskum við Rebekku, Önnu Lovísu og Jóni Ágúst til hamingju því þau stóðu sig ljómandi vel í keppninni.

Starfsdagur kennara var miðvikudaginn 28. febrúar, sameiginlegur í leikskóla og grunnskóla. Um morguninn fengum við kennslu í tálgun og hvernig nýta má efnivið nærumhverfisins. Eftir hádegi fengum við síðan fræðandi fyrirlestur um transbörn. Lærdómsríkur og góður dagur.



**Kveðjur úr skólanum
Kristín og Bolette.**



**57. fundur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnosi
miðvikudaginn 7. mars 2018 kl. 14:00.**

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Meike Witt og Halla Sigríður Bjarnadóttir. Auk þess sat Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri fundinn og ritaði hann fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :

1. Bókun með lánnum með stofnunum Héraðsnefndar, vegna uppgjörs við Lífeyrissjóðinn Brú.

Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita stofnun/félagi sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins: Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð á sínum hluta vegna lántöku eftirfarandi stofnana Héraðsnefndar Árneseinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga, samtals kr. sem skiptist á eftirfarandi stofnanir:

Brunavarnir Árnessýslu að fjárhæð	15.900.000 kr
Byggðasafn Árneseinga að fjárhæð	14.300.000 kr.
Héraðsskjalasafn Árneseinga að fjárhæð	10.700.000 kr.
Listasafn Árneseinga að fjárhæð	4.300.000 kr.
Tónlistarskóli Árneseinga að fjárhæð	22.100.000 kr.

til allt að 40 ára. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnessýslu,

Byggðasafni Árneseinga,
Héraðsskjalasafni Árneseinga,
Listasafni Árneseinga og
Tónlistarskóla Árneseinga.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að ganga frá uppgjöri við Brú lífeyrissjóð vegna breytinga á A-deild sjóðsins sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnessýslu, Byggðasafns Árneseinga, Héraðsskjalasafns Árneseinga, Listasafns Árneseinga og Tónlistarskóla Árneseinga til að breyta ekki ákvæði samþykktu stofnananna sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Skeiða- og Gnúpverjahreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnessýslu, Byggðasafni Árneseinga, Héraðsskjalasafni Árneseinga, Listasafni

Árnesinga og Tónlistarskóla Árnesinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Skeiða- og Gnúpverjahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta. Afborgun lánanna verður mætt með hækkun mánaðarframlagi til Héraðsnefnd.

Sveitarstjóra falið útbúa viðauka þegar upplýsingar um framlagið liggja fyrir. Jafnframt er Kristófer Tómassyni sveitarstjóra kt. 060865-5909, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamningana.

2. Staðfesting lánaskjala frá Lánasj sveitarfélaga v. uppgjors við Brú. Lagðir fram lánasamningar um lán sveitarfélagsins að fjárhæð samtals 80,8 mkr. hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna uppgjors við Lífeyrissjóðinn Brú. Sveitarstjórn samþykkir samningana og felur Kristófer Tómassyni sveitarstjóra kt. 0606865-5909 að skrifa undir skjölin fyrir hönd sveitarfélagsins.
3. DMP áfangastaðaáætlun. Lögð fram Áfangastaðaáætlun Suðurlands DMP til umsagnar og athugasemda. Undirrituð af verkefnis-stjórunum Laufeyju Guðmundsdóttur og Önnu Valgerði Sigurðardóttur. Í drögunum koma fram helstu áherslur og þau þemu sem og meginmarkmið verkefnisins. Áætluninni fylgir einnig útskýringar á aðferðafræðinni sem notuð hefur verið í verkefninu. Stefnt er að því að lokaútgáfa áætlunarinnar verði lögð fram 30 apríl næstkomandi. Sveitarstjórn vill sjá aukna áherslu á samgöngumál í skýrslunni og lýsir samþykki við komugjöld farþega til landsins. Auk þess verði haldið áfram að byggja upp innviði þar með talið aðstöðu við ferðamannastaði. Sveitarstjórn leggur áherslu á að því fé sem varið er til uppbyggingar ferðamannastaða er ekki í neinu samræmi þá brýnu þörf sem er til staðar.
4. Rekstur félagsheimilisins Árnes. Umsókn hefur borist um rekstur kaffihúss í Félagsheimilinu sameiginleg frá Birgi Birgissyni, Lofti Einarssyni og Idu Jul. Auk þess sækja þau um að annast umsjón með tjaldsvæðinu við Árnes og afnot af Gistiheimilinu Nónsteini. Samþykkt að auglýsa aðstöðu til veitinga í Árnesi.
5. Skipan varafulltrúa í nefndir. Bjarni Másson hefur átt sæti í Skólanefnd sveitarfélagsins og Afréttarmálanefnd Gnúpverja. Varamaður hans í Skólanefnd var Georg Kjartansson. Varamaður hans í stjórn Afréttarmálafélagsins var Sigrún Bjarnadóttir. Þau hafa tekið sæti aðalfulltrúa í þeim nefndum. Samþykkt að skipa Höllu Sigríði Bjarnadóttur varamann í Skólanefnd og Gunnar Örn Marteinson varamann í Afréttarmálanefnd.
6. Ráðstöfun lands í eigu sveitarfélagsins. Fjallað var um land neðan við Árnes í eigu hreppsins. Komið hefur fram áhugi um kaup á landi á því svæði. Sveitarstjórn telur ekki tímabært að selja umrætt land og hafnar því að selja það að svo komnu máli.
7. Atvinnuppbyggingarsjóður Skeiða- og Gnúpverjahrepps úthlutun. Lögð fram framvinduskýrsla um átaksverkefni til atvinnusköpunar. frá Pizzavagninum ehf í Laxárdal Unnin af Petrínu Jónsdóttur og Björgvin Þór Harðarsyni. Umbeðin greiðsla er 750.000 kr. Áður var samþykkt að styrkja

verkefnið um 1.500.000 kr. Þegar hafa 750.000 kr verið greiddar í styrk til verkefnisins. Framvinduskýrslur lagðar fram og samþykktar. Oddvita falið að ganga frá greiðslu styrksins.

8. Erindi frá Hjónaballsnefnd 2018. Lagt var fram erindi frá Bjarna Ásbjörnssyni þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið gangi í ábyrgð fyrir reksturs Hjónaballsins, eins og nefndin vill meina að gert hafi verið með rekstur þorablóta í Árnesi.

„Gunnar Örn Marteinson og Halla Sigríður Bjarnadóttir lögðu fram eftirfarani bókun „Frá stofnun Skeiða- og Gnúpverjahrepps teljum við okkur vita með nokkurri vissu að sveitarstjórn hefur aldrei samþykkt að vera fjárhagslegur bakhjarl árlegra Þorablóta sem haldin eru í Árnesi. Fyrir sameiningu sveitarfélaganna mun það í einhverjum tilfella hafa skeð að Gnúpverjahreppur styrkti þorablót sem gengu illa fjárhagslega, hvort fyrir því hafi verið einhverjar samþykktir í sveitarstjórn á þeim tíma eða ekki skiptir ekki máli þar sem það á ekki lengur við eftir sameiningu sveitarfélaganna.

Sveitarfélagið getur ekki sjálfkrafa verið fjárhagslegur bakhjarl hvorki þorablóts, hjónaballs eða annar sambærilegra samkoma þar sem slíkt er alls ekki hlutverk sveitarfélaga, komi upp ófyrirséðir hlutir sem aðstandendur slíkra samkoma ráða ekki við og valda því að tap verði á samkomunum er sjálfsagt að sveitarfélagið skoði að koma eitthvað til móts við þá sem að samkomunni standa. Almenn hljóta þeir sem að slíkum samkomum standa að miða við að umfang samkomunnar sé þannig að hún standi undir útlögðum kostnaði“

Sveitarstjórn tekur samhljóða undir bókunina.

Fundargerðir

9. Fundargerð 151. Fundar Skipulagsnefndar mál nr. 9 og 10 þarfnast umfjöllunar.

Mál nr. 9. Reykholt í Þjórsárdal: Verslunar- og þjónustusvæði:

Aðalskipulagsbreyting - 170904Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 16. febrúar 2018 varðandi breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar hótels- og baðstaðar við Reykholt. Gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst að teknu tilliti til ákveðinna ábendinga. Er einnig lögð fram endurskoðuð gögn aðalskipulagsbreytingar þar sem gerðar hafa verið breytingar til að koma til móts við ábendingar Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 10. Reykholt í Þjórsárdal: Svæði umhverfis Þjórsárdalslaug:

Deiliskipulag – 1712021 sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 16. febrúar 2018 varðandi aðal- og deiliskipulag hótels- og baðstaðar í Reykholti. Þar kemur m.a. fram að það sé mat stofnunarinnar að deiliskipulagið falli undir ákvæði laga um umhverfismat áætlaða. Þá er lögð fram endurskoðuð greinargerð deiliskipulags þar sem gerðar hafa verið breytingar til koma til móts

Við ábendingar Skipulagsstofnunar. Skipulagsnefnd frestaði afgreiðslu og fól skipulagsfulltrúa að vera í sambandið við umsækjendur um framhald málsins. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.

10. Fundargerð 50. Fundar stjórnar BS skip og bygg. Fundargerð lögð fram og staðfest.
11. Umhverfisnefnd fundargerð 18. fundar. Fundargerð lögð fram og staðfest.
12. Menningar- og æskulýðsnefnd fundargerð 31. Fundar. Fundaregð lögð fram og staðfest.
13. Menningar- og æskulýðsnefnd fundargerð 32. Fundar. Fundargerð lögð fram og staðfest.
14. Fundargerð NOS 22.02.18. Fundargerð lögð fram og staðfest.

Styrktarmál

15. Styrktarsjóður EBÍ. Lagt fram bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands. Þar eru aðildarsveitarfélög sjóðsins hvött til að sækja um framlag úr sjóðnum til þróunarstarfs í atvinnulífi, samgöngum, fræðlu- og menningarmálum. Oddvita og sveitarstjóra falið að koma með hugmyndir að tillögum um umsóknir í sjóðinn.
16. SÁÁ, beiðni um styrk. Óskað eftir stuðning við SÁÁ. Erindi undirritað af Arnþóri Jónssyni formanni SÁÁ. Samþykkt að styrkja samtökin um 8.000 kr. Styrkurinn rúmast innan fjárhagsáætlunar.
17. Neistinn- beiðni um styrk. Neistinn Styrktarsjóður hjartveikra barna óskar eftir stuðningi. Erindi undirritað Fríðu Björk Arnardóttur framkvæmdastjóra sjóðsins. Samþykkt að leggja til 9.000 kr. Til samtakanna. Styrkurinn rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Umsagnir og annað.

18. Ungt fólk og lýðræði UMFÍ. Haldin verður ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýræði 21-23 mars nk. Samþykkt að senda tvo fulltrúa. Kostnaður 15.000 kr á þátttakanda. Fjárhæð rúmast innan fjárhagsáætlunar.
19. Breytingar á mannvirkjalögum- Umsögn Sambands. Lögð fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórn Sambands sunnlenskra sveitarfélaga. Stjórn SASS telur að fresta eigi gildistöku ákvæðisins um faggildinu um óákveðinn tíma. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir ályktun SASS.
20. Þingsályktunartillaga um uppbyggingu raforkukerfis. Þingsályktunartillaga 0253, lögð fram og kynnt.
21. Frumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Frumvarp Lagt fram og kynnt þingskjal 0264. Sveitarstjórn telur framlagða breytingu sveitarstjórnarlaga óþarfa.
22. Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Lagt fram og kynnt.
Auk þess lögð fram og kynnt ályktun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélga. Undirrituð af Karli Björnssyni framkvæmdastjóra

Mál til kynningar :

- A. Afgreiðsla byggingafulltrúa 18-73.
- B. Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga.
- C. Virkjun vinorku á Íslandi- stefnumörkun.
- D. Fumvarp – þingskjal 157. Bætt stjórnsýsla í umgengismálum.
- E. Útfæsla launaþróunartryggingar.
- F. Nýsköpunarkeppni grunnskóla.
- G. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- H. Leiðbeiningar persónuverndarlög.
- I. Fundur fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga.
- J. Endurskoðunarskýrsla KPMG.
- K. Skýrsla sveitarstjóra.

Fundi slitið kl. 16:00 næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn
fimmtudaginn 05. apríl næstkomandi. Kl. 14.00.

Athugið nú vel kæru íbúar og aðrir!

Áburðarpokana ber að flokka!

**Þeir eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt
en innra byrðið fer í almennt sorp!**

Gámastöðvarnar taka ekki við þessari vöru óflokkaðri!

**Þá eru komin kör undir heyrúlluplast á gámastöðvunum en
plastið verður að vera hreint sem í þau fer!**

Kær kveðja. - Stöðvavörður.

Súmarhús til leigu yfir páskana!

Þetta krúttlega sumarhús á „Sæluvöllum“
á Flötum í Skeiða –og Gnúpverjahreppi
er til leigu frá og með 23. mars til og
með 2. apríl 2018.

**Frekari
upplýsingar
síma:
894-4142
Hákon**



Halló! Hello!

Get tekið að mér þrif í
sumarhúsum og á
heimilum.

Cleaning houses and
summerhouses.

Full cleaning
service.

**Kristine
786-2688**



Fyrri vetrarmót Smára 10. mars 2018
Tölt - T7



Opinn flokkur – úrslit:

1. Kristín Magnúsdóttir Órnir frá Gamla Hrauni	7,5	10 stig
2. Þórey Helgadóttir Hugl frá Hrepphólum	6,8	9 stig
3. Þorvaldur Logi Einarsson Stjarni frá Dalbæ2	6,8	8 stig
4. Patricia Grolig Skræpa frá Blesastöðum	6,0	7 stig
5. Helgi Kjartansson Gjálp frá Hvammi 1	6,0	6 stig

Áhugamannaflokkur – úrslit:

1. Elin Moqist Hekla frá Ásbrekku	6,5	10 stig
2. Arnheiður S. Þorvaldsdóttir Ísdögg frá Miðfelli	5,8	9 stig
3. Einar Logi Sigurgeirsson Saga frá Miðfelli	5,8	8 stig
4. Marie Schougaat Óðinn frá Blesastöðum	5,8	7 stig
5. Grímur Guðmundsson Hvinur frá Ásatúni	5,5	6 stig

Ungmennaflokkur – úrslit:

1. Hekla Magnúsdóttir Tinna frá Blesastöðum	6,0	10 stig
2. Jelena Aunin Fákur frá Vatnahjáleigu	5,3	gestur
3. Anne Sofie Kappi frá Vorsabæ	4,8	gestur
4. Rebekka Jansdóttir Stella frá Syðra Langholti	4,0	gestur

Unglingaflokkur – úrslit:

1. Laufey Ósk Grímsdóttir Teigur frá Ásatúni	6,3	10 stig
2. Þórey Þula Helgadóttir Vákur frá Hvammi1	6,0	9 stig
3. Þorvaldur Logi Einarsson Hátíð frá Hlemmiskeiði	5,5	8 stig

Opinn flokkur, forkeppni:

Þórey Helgadóttir Hugl frá Hrepphólum	7,3	
Kristín Magnúsdóttir Órnir frá Gamla Hrauni	7,0	
Patricia Grolig Skræpa frá Blesastöðum	6,8	
Þorvaldur Logi Einarsson Stjarni frá Dalbæ	6,3	
Helgi Kjartansson Gjálp frá Hvammi1	6,3	

Erna Óðinsdóttir Sólon frá Völlum	6,0	4 stig
Sigurbjörg Bára Björnsdóttir Hraunar frá Vorsabæ 2	6,0	4 stig
Gunnar Örn Marteinsson Gaukur frá Steinsholti	6,0	4 stig
Kristín Magnúsdóttir Dalvar frá Borgarholti	5,8	
Þórey Þula Helgadóttir Þöll frá Hvammi 1	5,5	2 stig
Magnús Sölvason Hagur frá Vorsabæ 2	5,3	0,5 stig
Þorsteinn Gunnar Sólroði frá Syðra Langholti	5,3	0,5 stig
Einar Logi Sigurgeirsson Kilja frá Miðfelli	4,8	
Kristín Magnúsdóttir Undri frá Ósabakka	4,8	

Unghrossaflokkur verður á sínum stað á seinna vetrarmótinu þann 21. apríl.
Unghross þurfa að vera í eigu Smárafélaga, vera 4-6 vetra (á árinu) en knapi þarf ekki að vera félagsmaður í Smára.
Hlökkum til að sjá ykkur - hress og kát í apríl!

Bestu kveðjur
Mótanefndin.





Í Leikholti er alltaf margt um að vera og mikill leikur að læra ☺

Þann 14. febrúar var Öskudagur en þá var lokað í leikskólanum vegna óveðurs og færðar á vegum og varð því að fresta Öskudeginum um einn dag. Þann 15. febrúar mættu allir í búning og skemmtu sér vel í leik og starfi, eftir hádegi komu foreldrar og systkini og dönsuðu með okkur á öskudagsballi, börnin slógu köttinn úr tunnunni sem reyndist vera popp ☺ og bækur sem allir fengu með sér heim, gjöf frá foreldrafélaginu sem við þökkum kærlega fyrir. Síðan gæddu allir sér á smá bakkelsi og héldu heim á leið glaðir að öskudagurinn fékk að halda sér þrátt fyrir óveður daginn áður.— Þann 23. febrúar var síðan Öðruvísi dagur og kusu börnin í Vörðufelli að hafa það Blómadag ☺ Börnin veltu fyrir sér mörgum blómategundum, teiknuðu og föndruðu blóm ásamt að mæta öll í einhverju blómlegu. ☺ Við höfum ofsalega gaman af því hve Öðruvísi dagarnir eru öðruvísi og skemmtilegir og frá börnunum komnir. ☺ Í Vörðufelli er mikið verið að fræðast um fugla þessa dagana og hvernig börn í öðrum löndum hafa það, þessi þemu eru í tengslum við Grænánaverkefnið.



Köngulóarhópur á Öskudaginn



Siðræningjablómahópur á Öskudag



Fluguhópur á Öskudaginn

Einnig ætla börnin í umhverfisnefndinni að kynna sér nýju flokkunarleiðbeiningarnar sem sveitarfélagið setti á heimasíðu sína.

Í Heklu höfum við aðlagð 4 börn frá áramótum og nú frá því um miðjan febrúar eru börnin þar orðin 12 talsins og í Vörðufelli 18. Því fer mikill tími í Heklu að kynnst hvert öðru, læra samskipti og leika ☺

Með blómlegum kveðjum frá öllum í Leikholti





Freyju Páska (eggja) töltmót Smára – Loga – Trausta **- í samstarfi við sælgætisgerðina Freyju**

Kæru Smárafélagar og aðrir hestamenn.

Daginn fyrir skírdag, **þann 28. mars** munum við Smárafélagar ásamt vinum okkar í Loga og Trausta standa saman að töltmóti.

Við munum byrja síðdegis og tölta saman eitthvað fram eftir kvöldi í reiðhöllinni í Torfdal.

Keppt verður í T3 þar sem riðið er hægt tölt, hraðabreytingar á tölti og greitt tölt. Riðið verður undir stjórn þuls, 2-3 inná í einu.

Flokkar verða eftirfarandi:

- barnaflokkur
- unglingaflokkur
- ungmennaflokkur
- áhugamannaflokkur
- opinn flokkur

Riðin verða úrslit í öllum flokkum og páskaegg frá Freyju í verðlaun.

Þetta verður skemmtileg kvöldstund og hvetjum við alla, stóra sem smáa, til að skrá sig og vera með.

Nánar auglýst þegar nær dregur á facebook síðum hestamannafélaganna þriggja – svo fylgist endilega vel með þar inni.

Höfum gaman saman og hópumst í Reiðhiöllina með gæðingana okkar

þann 28. mars n.k.

Bestu baráttukveðjur.

Mótanefndin

Gjálp - félag um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá

óskar eftir samtali við einstaklinga, fyrirtæki eða hópa sem leita sér að fjölnota atvinnurými fyrir þjónustu, skrifstofu, fundar eða kynningar til skemmri eða lengri tíma í Uppsveitum Árnessýslu.

Áhugasamir hafi samband við félagið í gegnum netfangið gjalpfelag@gmail.com eða í gegnum skilaboðakerfi Facebook; www.facebook.com/gjalp Áhugasamir yrðu í kjölfarið boðaðir á kynningarfund um málið.

Afmæli!

Þann 2. apríl sem er annar í páskum verð ég sextugur, í tilefni dagsins er ég að spá í að breyta til og vera heima hjá mér frá kl. 16 og fram eftir degi eins og aldurinn leyfir.

Allir hjartanlega velkomnir.

Gunnar Örn Marteinson



MedicAlert eru alþjóðleg öryggissamtök, rekin án ágóða, sem veita upplýsingar um merkisbera á neyðarstundu

Um er að ræða **þríþætt** kerfi: merki úr málmi, plastspjald með ákveðnum upplýsingum auk tölvuskrár.

Merkið er borið í keðju um háls eða úlnlið.

Plastspjaldið, sem er í kreditkortastærð fyrir veski, er með fyllri upplýsingum.

Loks eru ýtarlegastar upplýsingar á tölvuskrá, sem er í vörslu Slys- og bráðadeildar Landspítalans, en þar er gjaldfrjáls sólarhrings vaktþjónusta fyrir neyðarnúmer MedicAlert.

Á merkinu eru 3 atriði:

Símanúmer vaktstöðvar á Íslandi, sem hringja má í allstaðar að úr heiminum án endurgjalds. Sjúkdómsgreining eða áriðandi upplýsingar um viðkomandi og að lokum: Persónunúmer, sem veitir aðgang að upplýsingum á tölvuskrá Slys- og bráðadeildar.

Aðild/stofngjald MedicAlert kostar 6.000 kr. (einfalt stálmerki og spjald innifalið). Árgjald 1.700 kr.

Dæmi um sjúkdóma: Flogaveiki, Hjartasjúkdómur, Sykursýki, Blæðingarsjúkdómur, Bráðaofnæmi, Astma, Alzheimer og Einhvefa.

ATH. Læknir þarf að staðfesta með uppáskrift eða vottorði um að viðkomandi sjúkdómar séu réttir áður en umsókn er skilað á skrifstofu.

Áriðandi er að merkisberi láti vita um allar breytingar svo upplýsingar séu ávallt réttar. Í gagnagrunninum eru ýtarlegri upplýsingar en eru grafnar í merkið.

Medic Alert er í Hlíðasmára 14 Kópavogi. Sími

561-3122 Netfang medicalert@medicalert.is

Afgreiðslutími er virka daga kl. 10 - 12.

Svona eru upplýsingarnar á MedicAlert merkjunum



Einkennissúmerið veitir læknum og hjúkrunarfólki aðgang að upplýsingum um sjúkling á tölvuskrá Slys- og bráðadeildar.

Stóra-Núpskirkja opnuð á ný með messu 18. mars kl. 14:00.

Kæri söfnuður, velunnarar og vinir Stóra-Núpskirkju!

Viðgerð á kirkjunni okkar er nú lokið og hún tókst afar vel. Kirkjan geislar af gleði, finnst okkur í sóknarnefndinni, og nú höldum við hátíð í tilefni að þetta tókst allt saman. Hátíðin verður haldin á sunnudaginn þann 18. mars og byrjar með messu kl. 14:00. Kirkjan verður opin frá kl. 13:00 og gefst þá gestum kostur á að virða fyrir sér hvernig til hefur tekist. Sr. Óskar H. Óskarsson, sóknarprestur, prédikar og kirkjukórinn syngur undir stjórn organistans. Eftir messu býður sóknarnefndin kirkjugestum til kaffisamsætis í Félagsheimilinu Árnesi. Þar verður sagt frá fræmkvæmdunum.

Allir hjartanlega velkomnir.

Með bestu kveðju.

Sóknarnefnd Stóra-Núpskirkju.



Aðalfundur Búnaðarfélags Skeiðamanna 23. mars 2018

Búnaðarfélag Skeiðamanna boðar til aðalfundar föstudaginn
23. mars kl. 20.30 á Hestakánni

Dagskrá fundar:

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur

Kosningar

Önnur mál

Finnbogi Magnússon mætir á fundinn og
fjallar um nýjungar í jarðvinnslu og jarðrækt.
Stjórnin.



Breytingar á gerð kjörskrárstofns !

Þjóðskrá Íslands tilkynnir hér með breytingar á skráningu námsmanna á Norðulöndunum á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Breytingarnar felast í því að umræddir námsmenn þurfa nú að sækja um það rafrænt til Þjóðskrár Íslands að vera teknir á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.

Umsóknareyðublað er á www.skra.is og verður tilskilið að framvísa staðfestingu á námsvist. Makar og skyldulið námsmanna sækja um á sama hátt með tilvísun í viðkomandi námsmann. Frekari uppl. í síma 515-5300 Árný Guðrún eða með tölvupósti ago@skra.is.

Hrunaprestakall



Í ár ber páskadag upp á 1. apríl og vakin er athygli á því að engin aprílgöbb verða með auglýsingar á páskamessum! Þær verða allar þrjár á sínum stað, kl. 8, 11 og 14. Að venju verður Passíusálmalestur í Hrepphóla­kirkju á föstudaginn langa með þátttöku fermingar­barna og fjölskyldna þeirra, sem og eldri borgara og annarra úr prestakallinu.

Framundan er messu­heimsókn í Hrepphóla­kirkju frá presti, organista og kirkjukór Hvammstanga­kirkju og svo verða kær­komin tímamót þegar fyrsta messa verður sungin í Stóra-Núpskirkju eftir viðgerðarhlé.

Sú messa verður sunnudaginn 18. mars.

Fyrstu fermingar þessa árs verða á skírdag en þá verða þrjú börn fermd í Ólafsvallakirkju. Skipulagið framundan er sem hér segir:

11. mars: Guðsþjónusta í Hrepphóla­kirkju kl. 11. Messu­heimsókn frá presti, organista og kirkjukór Hvammstanga.

18. mars: Fjölskylduguðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 11 og messa í Stóra- Núpskirkju kl. 14.

29. mars – skírdagur: Ferming í Ólafsvallakirkju kl. 11.

30. mars – föstudagurinn langi: Passíusálmalestur í Hrepphóla­kirkju frá kl. 13.

1. apríl – páskadagur: Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8, hátíðarmesssa í Hrepphóla­kirkju kl. 11 og hátíðarmessa í Stóra-Núpskirkju kl. 14.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um kirkjustarfið á heimasíðunni hruni.is.

Sjáumst í kirkjunni!
Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson.



Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður. Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>


eða í síma 776-0810. Kv. Dóri



Á bak við eldavélina!

Það er hún Svala Bjarnadóttir, bóndi og tvíburamóðir í Fjalli sem deilir með okkur einni af uppskriftum sínum!

Heil og sæl öll sömul og takk Álfheiður fyrir áskorunina. Ég skal reyna mitt besta til að koma með eitthvad gott í gogginn.



Það sem vinsælt er á mínu heimili er Heitur brauðréttur og uppskriftin af honum er svohljóðandi.

- 2 egg
- 2 dósir af sveppasúpu í dós
- 1 -2 bréf af skinku (saxað smátt)
- 2 paprikur (litur skiptir ekki máli) brytjaðar smátt
- 1 askja af sveppaosti
- 1 askja af baconosti
- 2 öskjur af smurosti með kryddblöndu.
- 1 lítil dós af ananasbitum (má sleppa.)



Þessu öllu er blandað saman í pott og hrært vel saman þangað til osturinn er sem mest bráðnaður og passið vel að þetta brenni ekki við. Því næst er innihald úr ca hálfum brauðpoka rífið niður í litla teninga og það sett í eldfast mót, svo er ostablöndunni hellt yfir og jafnað vel úr og síðast er ostur settur yfir allt saman.

Þetta er svo sett inn í ofn á ca 180°C í svona 15 -20 mín (hef satt að segja aldrei tekið tímann á því ef ég á að vera alveg hreinskilin) en það má líka alveg bara prófa sig áfram hvenær rétturinn er orðin nógu heitur til að borða hann og osturinn bráðnaður.



Jæja, þá er ég búin að koma þessu af mér og ona að þetta nýtist einhverjum.

Svo í lokin vil ég skora á vinkonu mína í Skarði hana Vilborgu að koma með eitthvad gott í næsta bréfi. Kær kveðja. Svala.



Þrífisavæðing rafmagns.

Við þekkjum það mörg okkar að mikilvægt er fyrir nútímastarfsemi af ýmsu tagi að þrígga fasa rafmagn sé til staðar.

Fyrir fund sveitarstjórnar 21. febrúar síðastliðinn var lagt bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu.

Óskað er eftir að greind verði í okkar sveitarfélagi sem og öðrum dreifbýlissveitarfélögum hvar þörf sé brýnust á tengingu við þrígga fasa rafmagns.

Starfshópur hefur verið skipaður um að greina möguleika og gera tillögur að uppfærslum raforkuflutningskerfis í dreifbýli á Íslandi með áherslu á þrífösun rafmagns.

Vinsamlega komið upplýsingum þessi mál í tölvupósti eða með símtali á undirritaðan.

Sveitarstjóri netfang: [kristofer @skeidgnup.is](mailto:kristofer@skeidgnup.is)

sími 486-6100.



Starfsfólk óskast!

Starfsfólk óskast í Skeiðalaug í sumar.

Hafið samband við Kristófer Tómasson í síma 486-6100 eða sendið netpóst á kristofer@skeidgnup.is

Býrð þú við ofbeldi? Is domestic violence a part of your life? Czy jesteś ofiara przemocy? - The best way to a swift service is to contact the Emergency numer 112! -

Besta leiðin að ná til lögreglu er Neyðarnúmerið í 112!

VIOLA snyrtistofa - Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plokun.



**Tímapantanir í síma:
856-1599**

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

GIANT D337T HD



Giant D337T HD er aflmikill og með mikla lyftigetu miðað við stærð. Vélin er fjórhjóladrifin með "Heavy duty" öxla og sjálvirkri mismunadrifslæingu.

Vél: Kubota D1105 T
33 HP/24 kW
Lyftigeta: 1450 kg
Aksturshraði: 0-10 / 0 -25 km
Breidd: 104 -128 cm
- Hátt og lágt drif
- Sjálfvirk driflæsing á báðum öxum

**Eigum
nokkrar vélar
til afgreiðslu
strax**

Aukabúnaður:

- Dekkjastærð: 31x15.50-15 AS
- Niðurfellanlegt öryggishús
- Hátt og lágt drif
- Euro tækjafestingar
- Vinnuljós að aftan og framan
- 90 kg. þynging með dráttartengi

- Mikil lyftigeta
- Stöðugir
- Aflmiklir
- Úrval aukahluta

LANDSTÓLPÍ



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Kaupvangi 10,
700 Egilsstöðum
Sími 471 1901

landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók

Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug

Open - Winter:

Miðvikud.- Wed. 17:00 - 22:00

Laugard. Saturd. 13:00 - 18:00

Páskaopnun í Neslaug

Skírdagur

15:00-18:00.

Föstudagurinn langi

15:00-18:00.

Laugardagur

13:00-18:00. venjuleg opnun

Páskadagur

15:00-18:00.

Annar í páskum

LOKAÐ.

Skeiðalaug

Open - Winter:

Mánudaga Mon. 18:00-22:00

Fimmtudaga Thu. 18:00-22:00



Eypór Brynjólfsson s: 897-1112
Umsjónarmaður sundlauga
eythorb@gmail.com

Neslaug og Skeiðalaug eru á

Fylgist með á  

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið alla fimmtudaga 20:00 -22:00

S: 486-5505

Netfangbokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>

